

**Nd.**

**65. Frumvarp til laga**

**[40. mál]**

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

**1. gr.**

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjárukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 112 27. des. 1951, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lög nr. 112 1951 gera ráð fyrir, að utanríkismálanefnd kjósi úr sínum hópi 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál. Reynslan hjá undanförunum ríkisstjórnnum hefur sýnt, að fyrirkomulag þetta hefur ekki reynzt heppilegt, enda mun þriggja manna nefndin lítið hafa verið kvödd til starfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ákvæði laga um þingsköp Alþingis standi óbreytt að því leyti, að til utanríkismálanefndar skuli vísað utanríkismálum. Hins vegar felst í frumvarpinu, að lögð verði niður þriggja manna nefnd sú, sem ræðir um í lögum nr. 112 1951.